# Ríkisútvarpið ohf.

Árshlutareikningur

# 1/9 2008 - 28/2 2009

Ríkisútvarpið ohf.
Efstaleiti 1
150 Reykjavík
kt. 600307-0450

# Ríkisútvarpið ohf.

Árshlutareikningur

# 1/9 2008 - 28/2 2009

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun óháðra endurskoðenda | 2 |
| Skýrsla stjórnar | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 6 |
| Skýringar | 7-14 |

# Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa í Ríkisútvarpinu ohf.

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning Ríkisútvarpins ohf. fyrir tímabilið 1. september 2008 til 28. febrúar 2009. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

**Umfang könnunar**
Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

**Ályktun**
Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 28. febrúar 2009 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Ábendingarmálsgrein**
Við viljum vekja athygli á skýringu 1 í árshlutareikningnum þar sem fjallað er um þær óvenjulegar og sérstakar aðstæður sem skapast hafa á fjármálamarkaði og áhrif þess á rekstrarhæfi félagsins. Einnig viljum við benda á skýringu 15 þar sem fjallað er um hlutafjáraukningu sem fram fór eftir reikningsskiladag.

Kópavogur, 29. apríl 2009.

**Deloitte hf.**

| | |
|---|---|
| Lúðvík Þráinsson<br>endurskoðandi | Sigurður Heiðar Steindórsson<br>endurskoðandi |

# Skýrsla stjórnar

Tap Ríkisútvarpsins ohf. á reikningstímabilinu nam kr. 365.099.964. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 5.518.288.277, bókfært eigið fé í lok reikningsársins er neikvætt um kr. 336.267.724 og eiginfjárhlutfall félagsins er neikvætt .

Í lok reikningsársins var 1 hluthafi í félaginu eins og við stofnun þess, en félagið er í eigu íslenska ríkisins.

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Ríkisútvarpsins ohf. koma fram í árshlutareikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok reikningstímabilsins, rekstrarárangri reikningstímabilsins og fjárhagslegri þróun á reikningstímabilinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Ríkisútvarpsins ohf. staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir reikningstímabilið með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. apríl 2009

Svanhildur Kaaber
**Stjórnarformaður**

Margrét Frímannsdóttir

Kristín Edwald

Ari Skúlason

Auður Finnbogadóttir

Páll Magnússon
**Framkvæmdastjóri**

# Rekstrarreikningur 1/9 2008 - 28/2 2009

| | Skýr. | 1/9 2008 - 28/2 2009 | 1/9 2007 - 31/8 2008 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Afnotagjöld og þjónustutekjur | | 1.601.650.396 | 2.874.158.565 |
| Auglýsingar og kostun | | 676.577.860 | 1.364.450.640 |
| Aðrar tekjur | | 124.356.637 | 160.369.657 |
| | | 2.402.584.893 | 4.398.978.862 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Dagskrárkostnaður | | 1.566.686.050 | 3.106.209.638 |
| Sölukostnaður | | 173.960.065 | 330.517.943 |
| Dreifikerfi | | 134.001.437 | 223.280.335 |
| Sameiginlegur rekstur og stjórnun | | 274.931.208 | 553.346.164 |
| | | 2.149.578.760 | 4.213.354.080 |
| **Hagnaður af rekstri fyrir afskriftir** | | 253.006.133 | 185.624.782 |
| Afskriftir | 7 | (128.016.713) | (257.257.160) |
| **Rekstrarhagnaður / (tap)** | | 124.989.420 | (71.632.378) |
| Fjármunatekjur | 4 | 31.669.898 | 112.834.491 |
| Fjármagnsgjöld | 5 | (586.188.687) | (874.895.870) |
| **Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) samtals** | | (554.518.789) | (762.061.379) |
| **Tap fyrir tekjuskatt** | | (429.529.369) | (833.693.757) |
| Tekjuskattur | 6,12 | 64.429.405 | 94.190.682 |
| **Tap** | | (365.099.964) | (739.503.075) |

# Efnahagsreikningur 28. febrúar 2009

## Eignir

| | Skýr. | 28.02.2009 | 31.08.2008 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 7 | 4.143.630.142 | 4.236.278.810 |
| Reiknuð tekjuskattsinneign | 12 | 158.620.087 | 94.190.682 |
| | | 4.302.250.229 | 4.330.469.492 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Keypt réttindi og eigin framleiðsla | 8 | 638.938.570 | 659.644.542 |
| Viðskiptakröfur | 9 | 400.741.359 | 395.816.266 |
| Aðrar skammtímakröfur | 9 | 42.949.262 | 65.473.567 |
| Handbært fé | 9 | 133.408.857 | 183.773.556 |
| | | 1.216.038.048 | 1.304.707.931 |
| **Eignir** | | 5.518.288.277 | 5.635.177.423 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 28.02.2009 | 31.08.2008 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 10 | | |
| Hlutafé | | 839.723.000 | 839.723.000 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 38.884.035 | 38.884.035 |
| Ójafnað tap | | (1.214.874.759) | (847.716.140) |
| Eigið fé | | (336.267.724) | 30.890.895 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir og LSR | 11 | 3.647.080.317 | 3.432.427.915 |
| Aðrar langtímaskuldir | 11 | 705.450.780 | 649.305.653 |
| | | 4.352.531.097 | 4.081.733.568 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | 13 | 724.785.021 | 708.683.849 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 13 | 266.764.950 | 253.091.315 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 13 | 510.474.933 | 560.777.796 |
| | | 1.502.024.904 | 1.522.552.960 |
| Skuldir | | 5.854.556.001 | 5.604.286.528 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 5.518.288.277 | 5.635.177.423 |

# Yfirlit um sjóðstreymi 1/9 2008 - 28/2 2009

| | Skýr. | 1/9 2008 - 28/2 2009 | 1/9 2007 - 31/8 2008 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Tap tímabilsins | | (365.099.964) | (739.503.075) |
| Rekstrarliðir sem ekki hreyfa handbært fé | | | |
| Afskriftir og sölutap (-hagnaður) fastafjármuna | | 128.016.713 | 257.257.160 |
| Verðbætur og gengismunur langtímalána | | 410.262.510 | 591.951.315 |
| Hækkun á reiknaðri skattinneign | 12 | (64.429.405) | (94.190.682) |
| **Hreint veltufé frá rekstri** | | 108.749.854 | 15.514.718 |
| Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum | | | |
| Vörubirgðir (hækkun) lækkun | | 20.705.972 | (175.993.915) |
| Viðskiptakröfur (hækkun) lækkun | | (6.983.785) | (65.493.809) |
| Aðrar skammtímakröfur (hækkun) lækkun | | 22.524.305 | (4.162.122) |
| Skammtímaskuldir vegna rekstrar, hækkun (lækkun) | | (34.201.691) | (168.523.641) |
| **Handbært fé frá (til) rekstri** | | 110.794.655 | (398.658.770) |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir | 7 | (35.368.047) | (162.948.470) |
| | | (35.368.047) | (162.948.470) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborganir langtímaskulda | 11 | (125.791.307) | (226.424.311) |
| | | (125.791.307) | (226.424.311) |
| Hækkun (lækkun) handbærs fjár | | (50.364.699) | (788.031.551) |
| Handbært fé í upphafi reikningstímabils | | 183.773.556 | 971.805.107 |
| Handbært fé í lok reikningstímabils | | 133.408.857 | 183.773.556 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Ríkisútvarpið ohf. er sjálfstætt hlutafélag í eigu íslenska ríkisins og starfar á grundvelli laga nr. 6/2007.

Hlutverk Ríkisútvarpsins ohf. er rekstur hvers konar útvarpsþjónustu í almannaþágu, svo sem hljóðvarps og sjónvarps. Ríkisútvarpinu ohf. er einnig heimilt að stunda rekstur sem ekki fellur undir útvarpsþjónustu í almannaþágu en ber þá að halda fjárreiðum vegna þess aðskildum frá rekstri útvarpsþjónustu í almannaþágu.

Mjög óvenjulegar og sérstakar aðstæður hafa skapast á fjármálamarkaði, eins og þeim er lýst í lögum nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði ofl., og þeirrar almennu óvissu sem nú ríkir um áframhaldandi rekstur fjármálafyrirtækja landsins. Ekki er fyrirséð hvaða áhrif þetta ástand hefur á stöðu félagsins og rekstur í framtíðinni og er því almenn óvissa um rekstrarhæfi félagsins. Vert er að benda á skýringu 15 varðandi hækkun hlutafjár félagsins.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Reikningsár Ríkisútvarpsins ohf. er frá 1. september ár hvert til 31. ágúst árið eftir. Samanburðartölur í árshlutareikningi eru miðaðar við heilt ár þ.e. frá 1.9.2007 - 31.8.2008 þar sem milliuppgjör fyrir sambærilegt tímabil er ekki til. Árshlutareikningur Ríkisútvarpsins ohf. fyrir reikningstímabilið 1.9.2008 - 28.02.2009 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Árshlutareikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Sala er skráð þegar þjónusta er veitt og vörur eru afhentar. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

### Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagur af eignarréttindum sé framseldur leigukaupa. Eignir samkvæmt fjármögnunar- og kaupleigusamningum eru færðar meðal varanlegra rekstrarfjámuna og afskrifaðar á líftíma þeirra. Skuldbinding við leigusala er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjármagnsliða í rekstrarreikningi.

| | Meðalgengi tímabilsins | | Gengi í lok tímabilsins | |
|---|---|---|---|---|
| | 1/9/08-28/2/09 | 1/9/07-31/8/09 | 28.02.2009 | 31.08.2008 |
| Evra (EUR) | 154,84 | 104,94 | 143,19 | 122,09 |
| Bandaríkjadalur (USD) | 116,60 | 69,78 | 112,96 | 82,90 |
| Sterlingspund (GBP) | 181,89 | 138,62 | 160,22 | 151,60 |
| Kanadadalur (CAD) | 97,71 | 69,29 | 89,74 | 79,06 |
| Dönsk króna (DKK) | 20,78 | 14,07 | 19,22 | 16,37 |
| Norsk króna (NOK) | 17,54 | 13,22 | 16,21 | 15,38 |
| Sænsk króna (SEK) | 15,04 | 11,21 | 12,51 | 12,93 |
| Svissneskur franki (CHF) | 101,65 | 64,67 | 96,29 | 75,54 |
| Japanskt jen (JPY) | 1,2200 | 0,6500 | 1,1588 | 0,7622 |

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í árshlutareikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt árshlutareikningi. Tekjuskattshlutfall er 15%.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og árshlutareikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Tekjuskattsskuldbinding er færð vegna allra tímamismuna en reiknuð skattinneign er færð vegna tímamismunar ef líkur eru á að þeir nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn fjármögnunarleigusamningum eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Á hverjum reikningsskiladegi er farið yfir bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna til þess að komast að raun um hvort að eignir þessar hafi orðið fyrir virðisrýrnun. Komi fram slík vísbending er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnun er, sé um slíkt að ræða. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaprósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta.

### Keypt réttindi og eigin framleiðsla

Keypt réttindi og eigin framleiðsla í vinnslu eru eignfærð á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða dagverði hvort sem lægra reynist að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Framleiðslukostnaður inniheldur keypt aðföng, launakostnað, beinan og óbeinan kostnað vegna framleiðslunnar. Dagverð samsvarar áætluðu söluverði að frádregnum kostnaði við sölu og dreifingu.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar. Niðurfærslan grundvallast á mati á tapsáhættu einstakra krafa í lok reikningstímabilsins.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

## 3. Launamál

| Laun og tengd gjöld greinast þannig í þús kr.: | 1/9 2008 - 28/2 2009 | 1/9 2007 - 31/8 2008 |
|---|---|---|
| Heildarlaun | 850.435 | 1.756.533 |
| Launatengd gjöld | 159.585 | 393.005 |
| | 1.010.020 | 2.149.538 |
| Laun fastráðinna starfsmanna af heildarlaunum | 817.478 | 1.585.201 |
| Meðalfjöldi fastráðinna starfsmanna | 303 | 324 |

Heildarlaun og þóknanir til tíu helstu stjórnenda námu 52,2 milljónum króna á tímabilinu, þar af voru laun til útvarpsstjóra 9,3 milljónir króna að meðtöldum bifreiðahlunnindum. Stjórnarlaun fyrir tímabilið voru 3,4 milljónir króna.

## 4. Fjármunatekjur

| | 1/9 2008 - 28/2 2009 | 1/9 2007 - 31/8 2008 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 31.669.898 | 112.834.491 |
| | 31.669.898 | 112.834.491 |

## 5. Fjármagnsgjöld

| | 1/9 2008 - 28/2 2009 | 1/9 2007 - 31/8 2008 |
|---|---|---|
| Vaxtagjöld af skammtímaskuldum við lánastofnanir | (9.753.885) | (27.595.636) |
| Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum | (433.146.881) | (669.221.915) |
| Gengistap | (140.935.315) | (172.635.059) |
| Önnur vaxtagjöld | (2.352.606) | (5.443.260) |
| | (586.188.687) | (874.895.870) |

## 6. Tekjuskattur

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2010 þar sem tekjuskattstofn félagsins er neikvæður.

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| | Fasteignir | Dreifikerfi | Áhöld, tæki og innréttingar | Aðrar eignir | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Staða í upphafi tímabils ............ | 3.096.303.098 | 409.912.907 | 680.971.153 | 49.091.652 | 4.236.278.810 |
| Eignfært á tímabilinu ................ | 0 | 11.987.686 | 24.391.361 | 0 | 36.379.047 |
| Selt á tímabilinu ......................... | 0 | 0 | (924.034) | 0 | (924.034) |
| Afskrift tímabilsins ................... | (36.154.161) | (39.970.156) | (51.979.364) | 0 | (128.103.681) |
| Staða í lok tímabils .................... | 3.060.148.937 | 381.930.437 | 652.459.116 | 49.091.652 | 4.143.630.142 |
| Afskriftarhlutföll ....................... | 2-3% | 2-10% | 7-20% | 0% | |

| | Fasteignamat 28/2 2009 | Brunabótamat 28/2 2009 | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Efstaleiti 1 ........................................................................................... | 3.952.200.000 | 3.136.150.000 | 3.026.609.563 |
| Aðrar fasteignir ................................................................................... | 16.925.000 | 46.500.000 | 33.539.374 |
| Dreifikerfi ........................................................................................... | 241.072.000 | 296.372.000 | 381.930.437 |
| Aðrar eignir ......................................................................................... | 0 | 0 | 701.550.768 |
| | 4.210.197.000 | 3.479.022.000 | 4.143.630.142 |

## 8. Keypt réttindi og eigin framleiðsla

| | 28.2.2009 | 31.8.2008 |
|---|---|---|
| Dagskrárbirgðir ........................................................................................................................ | 599.533.635 | 619.905.768 |
| Aðrar birgðir ............................................................................................................................. | 39.404.935 | 39.738.774 |
| | 638.938.570 | 659.644.542 |

## 9. Aðrar peningalegar eignir

**Viðskiptakröfur**

| | 28.2.2009 | 31.8.2008 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptakröfur ..................................................................................................... | 55.206.097 | 19.441.160 |
| Erlendar viðskiptakröfur ....................................................................................................... | 16.376.220 | 17.776.609 |
| Útistandandi afnotagjöld ...................................................................................................... | 116.964.523 | 162.902.249 |
| Útistandandi auglýsingar ...................................................................................................... | 212.194.519 | 195.696.248 |
| | 400.741.359 | 395.816.266 |

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði en óbein afskrift að fjárhæð 271 milljón króna er færð til að mæta kröfum sem kunna að tapast. Hér er ekki um endanlega afskrift einstakra krafna að ræða, heldur almenna varúðarafskrift sem grundvallast á mati á tapsáhættu einstakra krafna í lok tímabilsins.

Hreyfingar á afskriftareikningi krafna voru eftirfarandi vegna tímabilsins:

| | |
|---|---|
| Staða afskriftareiknings 31/8 2008...................................................................................................... | 229.000.000 |
| Endanleg afskrift á tímabilinu.............................................................................................................. | (4.421.520) |
| Breyting afskriftareiknings á tímabilinu............................................................................................... | 46.421.520 |
| Staða afskriftareiknings 28/2 2009...................................................................................................... | 271.000.000 |

## 9. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

**Aðrar skammtímakröfur**

| | 28.2.2009 | 31.8.2008 |
|---|---|---|
| Virðisaukaskattur | 13.626.912 | 0 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 11.571.334 | 38.744.542 |
| Fjármagnstekjuskattur | 13.585.662 | 12.461.802 |
| Ógreiddir óinnheimtir vextir | 1.604.092 | 10.968.311 |
| Aðrar kröfur | 2.561.262 | 3.298.912 |
| | 42.949.262 | 65.473.567 |

**Handbært fé**

| | 28.2.2009 | 31.8.2008 |
|---|---|---|
| Sjóður | 59.815 | 59.815 |
| Bankainnstæður í íslenskum krónum | 133.198.855 | 181.846.945 |
| Bankainnstæður í erlendri mynt | 150.187 | 1.866.796 |
| | 133.408.857 | 183.773.556 |

## 10. Eigið fé

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Ójafnað tap | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Upphafsstaða 1.9.2008 | 839.723.000 | 38.884.035 | (847.716.140) | 30.890.895 |
| Leiðrétting frá fyrra tímabili | 0 | 0 | (2.058.655) | (2.058.655) |
| Tap tímabilsins | 0 | 0 | (365.099.964) | (365.099.964) |
| Eigið fé 28.2.2009 | 839.723.000 | 38.884.035 | (1.214.874.759) | (336.267.724) |

Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

## 11. Langtímaskuldir

| | Aðrar langtímaskuldir | | Skuldir við lánastofnanir og LSR | |
|---|---|---|---|---|
| | 28.2.2009 | 31.8.2008 | 28.2.2009 | 31.8.2008 |
| Skuldir í CHF | 0 | 0 | 40.121.892 | 34.097.997 |
| Skuldir í DKK | 0 | 0 | 14.094.873 | 22.504.374 |
| Skuldir í EUR | 0 | 0 | 234.730.737 | 203.513.105 |
| Skuldir í USD | 0 | 0 | 153.013.516 | 121.655.404 |
| Skuldir í ISK | 705.450.780 | 649.305.653 | 3.471.884.249 | 3.303.748.350 |
| | 705.450.780 | 649.305.653 | 3.913.845.267 | 3.685.519.230 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 0 | 0 | (266.764.950) | (253.091.315) |
| Langtímaskuldir alls | 705.450.780 | 649.305.653 | 3.647.080.317 | 3.432.427.915 |

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Næsta árs afborganir | 266.764.950 |
| Afborganir 2010/2011 | 262.896.687 |
| Afborganir 2011/2012 | 264.450.662 |
| Afborganir 2012/2013 | 271.455.475 |
| Afborganir 2013/2014 | 278.814.906 |
| Afborganir síðar | 3.274.913.367 |
| | 4.619.296.047 |

## 12. Reiknuð skattinneign

| | Reiknuð skattinneign |
|---|---|
| Staða 1.9.2008 | 94.190.682 |
| Reiknuð skattinneign í rekstrarreikningi 1.9.2008 - 28.2.2009 | 64.429.405 |
| Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2010 | 0 |
| Staða 28.2.2009 | 158.620.087 |

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2010 þar sem tekjuskattsstofn félagsins er neikvæður.
Reiknuð skattinneign er færð í efnahagsreikning félagsins þar sem líkur eru taldar á því að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

## 13. Aðrar peningalegar skuldir

**Viðskiptaskuldir**

| | 28.2.2009 | 31.8.2008 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptaskuldir | 382.168.212 | 450.444.208 |
| Erlendar viðskiptaskuldir | 342.616.809 | 258.239.641 |
| | 724.785.021 | 708.683.849 |

**Aðrar skammtímaskuldir**

| | 28.2.2009 | 31.8.2008 |
|---|---|---|
| Virðisaukaskattur | 0 | 29.780.668 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 6.656.943 | 87.156.943 |
| Biðlaunaskuldbinding | 25.953.900 | 30.498.104 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 321.830.435 | 284.190.155 |
| Ógreiddir áfallnir vextir | 149.191.648 | 122.209.013 |
| Ógreiddur fjármagnstekjuskattur | 2.584.008 | 2.584.008 |
| Aðrar skuldir | 4.257.999 | 4.358.905 |
| | 510.474.933 | 560.777.796 |

**Næsta árs afborganir langtímaskulda**

| | 28.2.2009 | 31.8.2008 |
|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 257.783.382 | 237.024.412 |
| Fjármögnunarleigusamningar | 8.981.568 | 16.066.903 |
| | 266.764.950 | 253.091.315 |

## 14. Ábyrgðir og önnur mál

Gerðir hafa verið nokkrir fjármögnunarleigusamningar vegna kaupa á tölvum og tækjabúnaði. Þrátt fyrir eignarréttarfyrirvara leigusala eru þessir leigufjármunir færðir til eignar í árshlutareikningnum meðal varanlegra rekstrarfjármuna og afskrifaðir á sama hátt. Bókfært verð þessara fjármuna nemur um 33,1 milljónum króna í lok tímabilsins. Jafnframt þessu er færð samsvarandi skuld við leigusala meðal langtímaskulda og eru eftirstöðvar um 14,1 milljónir króna í lok tímabilsins.

Eftirlitsstofnun EFTA, er með mál til meðferðar er snertir fjármögnun og rekstur Ríkisútvarpsins. Forráðamenn Ríkisútvarpsins ohf. telja ólíklegt að mál þetta muni hafa áhrif á starfsemi félagsins eða að fjárskuldbinding vegna málsins muni falla á félagið. Skuldbinding vegna þessa hefur því ekki verið færð í árshlutareikninginn.

Eitt mál bíður flutnings og dóms í Hæstarétti. Dómskröfur þess nema 3,5 milljónum króna auk dráttarvaxta og kostnaðar. Ekki hafa verið gerðar færslur í rekstrar- eða efnahagsreikningi vegna þessa.

## 15. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Á hluthafafundi þann 22. apríl 2009 var hlutafé félagsins lækkað um kr. 562.801.384 til jöfnunar taps og því næst hækkað um sömu fjárhæð. Eini hluthafi félagsins, íslenska ríkið, eignaðist alla hina nýju hluti með skuldajöfnun kröfu sinnar á félagið sem við stofnun þess stóð í kr. 562.801.384, staða lánsins í lok febrúar 2009 er kr. 779.817.050. Staða lánsins þann 31. mars 2009 að frádreginni nafnverðshækkun sem að ofan er getið mun færast á yfirverðsreikning hlutafjár.

## 16. Kennitölur

| Úr rekstrarreikningi: | 1/9 2008 - 28/2 2009 | 1/9 2007 - 31/8 2008 |
|---|---|---|
| Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) | 253.006.133 | 185.624.782 |
| Hagnaður fyrir afskriftir / rekstrartekjur | 10,5% | 4,2% |
| Rekstrarhagnaður / rekstrartekjur | 5,2% | -1,6% |
| Tap tímabilsins / rekstrartekjur | -15,2% | -16,8% |
| | | |
| Hlutfall afnotagjalda af rekstrartekjum | 66,7% | 65,3% |
| Hlutfall auglýsinga og kostunar af rekstrartekjum | 28,2% | 31,0% |
| Hlutfall kostunar af auglýsinga- og kostunartekjum | 7,5% | 7,2% |
| Hlutfall dagskrárkostnaðar af rekstartekjum | 65,2% | 70,6% |

| Úr efnahagsreikningi: | 28.2.2009 | 31.8.2008 |
|---|---|---|
| **Greiðsluhæfi** | | |
| a) Lausafjárhlutfall | 0,38 | 0,42 |
| b) Veltufjárhlutfall | 0,81 | 0,86 |

a) Veltufjármunir án birgða/skammtímaskuldir b) Veltufjármunir/skammtímaskuldir

| | | |
|---|---|---|
| **Fjárhagslegur styrkur** | | |
| c) Eiginfjárhlutfall | -6,1% | 0,5% |

c) Eigið fé/heildarfjármagn

## 17. Sjóðstreymisyfirlit

| | 1/9 2008 - 28/2 2009 | 1/9 2007 - 31/8 2008 |
|---|---|---|
| Tap tímabilsins | (365.099.964) | (739.503.075) |
| Afskriftir | 128.016.713 | 257.257.160 |
| Reiknaðir fjármagnsliðir | 410.262.510 | 591.951.315 |
| Aðrar breytingar | (64.429.405) | (94.190.682) |
| **Hreint veltufé frá rekstri** | 108.749.854 | 15.514.718 |
| Breyting á: | | |
| Rekstrartengdum eignum | 36.246.492 | (245.649.846) |
| Rekstrartengdum skuldum | (34.201.691) | (168.523.641) |
| **Handbært fé frá rekstri** | 110.794.655 | (398.658.770) |